

Hafnarfjarðarbær
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður
B.t. bæjarstjóra Rósu Guðbjartsdóttur

Hafnarfirði, 19. apríl 2022

Efni: Land í eigu ISAL sem fer undir tvöfalda Reykjanesbraut

Undirbúningur vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar er í fullum gangi og á fyrirtækið í reglulegum samskiptum og viðræðum við Vegagerðina vegna þessa, bæði vegna lagna undir veginn en líka um bætur vegna þess lands sem fer undir veginn og er í eigu ISAL. Allri skipulagsvinnu vegna framkvæmdanna er lokið og vill fyrirtækið þakka bæjarstjóra og bæjarstjórn fyrir að hafa tekið vel í tillögu fyrirtækisins um breytingar á deiliskipulagi sem hafði áður verið kynnt.

Í bréfi frá Vegagerðinni til ISAL, dagsett 29. mars 2022, er tilkynnt að undir veginn fara 85.259 fermetrar af landanúmeri 197313. Þetta land keypti ISAL af Hafnarfjarðarbæ skv. kaupsamningi dags. 25. október 2004 og fylgir afrit hans þessu bréfi.

Af þessum 85.259 fermetrum eru 19.612 fermetrar á núverandi vegstæði. Í bótatillögu Vegagerðarinnar eru þessir 19.612 fermetrar dregnir frá á þeim forsendum að Vegagerðin hafi ekki gefið samþykki sitt fyrir því árið 2004 að landið yrði selt ISAL. Sem kunnugt er stóð á þessum tíma til að byggðir yrðu tveir nýir kerskálar á þessu landi og Hafnarfjarðarbær hugðist afhenda Vegagerðinni landsvæði endurgjaldslaust undir Reykjanesbrautina sem átti að færast sunnar.

Þar sem ISAL keypti allt landið af Hafnarfjarðarbæ árið 2004 telur fyrirtækið eðlilegt að til komi bætur fyrir þessara 19.612 fermetra enda vill fyrirtækið ekki afhenda landið endurgjaldslaust. Kaupverð landsins var 290.323.000 kr. sem svarar til 559kr. á fermetra á þávirði. Núvort fermetraverð, m.v. vísitölu neysluverðs í desember 2003 og mars 2022, er 1.285kr. Í þessu samhengi vill fyrirtækið stinga upp á tveimur valmöguleikum:

1. Að Hafnarfjarðarbær bæti landið með núvirtu kaupvirði ISAL af Hafnarfjarðarbæ eða sem svarar $1.285 \text{ kr} * 19.612 \text{ m}^2 = 25.201.420\text{kr}$. Byggist tillagan um verð á því að efnislega er verið að leiðrétta stöðu sem kaupsamningurinn skapaði, og þannig sé sanngjarn að horfa ekki til fermetraverðs landsins í dag, sem er talsvert hærra eins og gefur að skilja.
2. Að Hafnarfjarðarbær bæti við þessum fermetrum við núverandi land ISAL nr. 197313. Hefur fyrirtækið ákveðnar hugmyndir um hvar þessi viðbót gæti komið en aðeins er um að ræða 3,8% stækkun á umræddri lóð sem er í heild sinni 52 hektarar. Með þessu móti yrði komist hjá útgjöldum af hálfu bæjarins.

Fyrirtækið lýsir vilja til að eiga uppbyggilegar viðræður við Hafnarfjörð um þetta mál þannig að ljúka megi því með farsælum og sanngjörnum hætti fyrir báða aðila.

F.h. Rio Tinto á Íslandi hf.

Bjarni Már Gylfason

Viðhengi: Kaupsamningur milli ISAL og Hafnarfjarðarbæjar frá 25. október 2004